

Miðvikudaginn 24. maí 1967.

Nr. 197/1966. **Héðinn Emilsson** (Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

Borgarstjóranum í Reykjavík f. h.

borgarsjóðs (Jón Tómasson hdl.).

D ó m e n d u r:

hæstaréttardómaramir Gízur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og Halldór Þorbjörnsson sakadómari.

Kaupgjaldsmál. Kjarasamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. ágúst 1966 og haft uppi þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 9.731.73 með 7% ársvöxtum frá 1. maí 1964 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti. Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna.

Samkvæmt 28. gr. laga nr. 55/1962 er borgar-, bæjar- og sveitarstjórn skylt að veita starfsmönnum sínum samningarétt um starfskjör í samræmi við ákvæði laga þessara, ef starfsmannafélag það, er í hlut á, óskar þess. Skal nánar ákveða í reglugerð, er félagsmálaráðherra setur, um þetta efni. Sett var reglugerð um kjarasamninga starfsmanna sveitarfélaga nr. 159/1962. Segir þar í 3. gr., að starfsmannafélag það, er í hlut á, fari „með fyrirvar starfsmanna síns sveitarfélags um kjarasamninga og aðrar ákvarðanir af hendi starfsmanna“. Þá segir í nefndri grein, að „séu starfsmenn sveitarfélaga í fleiru en einu starfsmannafélagi,“ fari „hvert starfsmannafélag með umboð fyrir þá starfsmenn, sem eru á þess félagssvæði“. Enn segir í greininni: „Stjórn starfsmannafélagsins velur fimm menn í samninganefnd, sem fer með umboð félagsins til samningagerðar“.

Fram hafa verið lögð í málinu lög Starfsmannafélags

Reykjavíkurbæjar, samþykkt 9. marz 1963. Segir þar m. a. í 2. gr.: „Markmið félagsins skal vera m. a.: Að gæta hagsmuna félaga sinna varðandi launa-, starfs- og ráðningarkjör svo og eftirlaun“.

Fram á árið 1954 voru vagnstjórar á strætisvögnum stefnda félagar í Bifreiðarstjórafélaginu Hreyfli, sem samdi um starfskjör þeirra við stefnda. Í desembermánuði 1954 náðist samkomulag um það milli stefnda og Bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils, að strætisvagnstjórar skyldu teljast fastir starfsmenn Reykjavíkurborgar frá 1. desember 1954 að telja. Samkvæmt bréfum stefnda 30. nóvember og 7. desember 1954 til Bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils, sem staðfest voru í bæjarráði og bæjarstjórn Reykjavíkur 10. og 16. desember 1954, skyldu strætisvagnstjórar taka laun samkvæmt 10. launaflokki fastra starfsmanna Reykjavíkurbæjar. Þá segir í 4. tl. bréfsins frá 7. desember 1954: „Fari svo, að starfhópur í 10. launaflokki, er á vöktum vinnur, fái kjarabætur umfram það, sem vagnstjórum er ætlað skv. bréfi, dags. 30. nóv. s.l., mun ég beita mér fyrir því, að vagnstjórar fái bætur í sömu eða sambærilegum hlutföllum“. Á þessum tíma unnu aðeins tveir starfshópar, er tóku laun eftir 10. launaflokki, á „vöktum“, þ. e. lögreglumenn og brunaverðir. Var strætisvagnstjórunum ætlað að njóta sömu kjarabóta og þeir.

Nutu strætisvagnstjórar þessa réttar, þar til gerðir voru heildarsamningar um kjör fastra starfsmanna stefnda samkvæmt lögum nr. 55/1962 og reglugerð nr. 159/1962.

Síðla sumars 1963 hófust samningar um nýjan heildarkjarsamning fastra starfsmanna stefnda. Sérstök samninganefnd Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar samdi fyrir hönd hinna einstöku starfsdeilda félagsins, þar á meðal fyrir hönd strætisvagnstjóra, sem skipuðu 10. deild.

Í greinargerð samninganefndar Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar um skipun starfsmanna í launaflokka var lagt til, að brunaverði og strætisvagnstjóra skyldi setja „í 13. flokk eftir viðmiðun við setningu lögreglumanna í ríkissamningum“.

Hinn 13. september 1963 varð samkomulag milli samninganefnda stefnda og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar um skipun starfsmanna í launaflokka og kjör þeirra. Samkomulagið tók „þó ekki til brunavarða og strætisvagnstjóra“. Hins vegar var samið um, „að sáttasemjara verði falið að leiða til lykta samninga um launakjör þessara starfshópa samtímis samningum um launakjör lögreglumanna“. Hér er þess að geta, að Lögreglufélag Reykjavíkur samdi fyrir hönd lögreglumanna.

Hinn 18. og 19. september 1963 hélt sáttasemjari fundi með samninganefndunum. Með samninganefnd Starfsmannafélags Reykjavíkur voru á fundi áheyrnarfulltrúar frá 10. starfsdeild félagsins, strætisvagnstjórum. Hinn 18. september 1963 rituðu strætisvagnstjórar sáttasemjara bréf, þar sem segir: „Við getum fallið á 12. launaflokk til samræmis við aðra vaktavinnumenn, sem nú eru í 10. launaflokki, með þeim fyrirvara, að við teljum 4. gr. samnings okkar frá 7. desember 1954 enn í fullu gildi“.

Samningamenn Reykjavíkurborgar neituðu afdráttarlaust að veita strætisvagnstjórunum með hinum nýja kjarasamningi þau réttindi, sem þeir höfðu notið samkvæmt 4. tl. bréfs stefnda frá 7. desember 1954. Um þetta ber vitnið Bjarni Bragi Jónsson hagfræðingur, sem aðstoðaði Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar við samningsumleitarnar: „Vitnið tekur aðspurt fram, að því hafi verið afdráttarlaust neitað af fulltrúum Reykjavíkurborgar, að hugsanlegur fyrirvari, settur af starfsmannafélaginu við samningagerðina, gæti á nokkurn hátt skert gildi samningsins á gildistíma hans. Samninganefndinni var gerð slík grein fyrir þessu og sömuleiðis fulltrúum brunavarða og strætisvagnstjóra“. Enn segir vitnið, „að við samningagerðina hafi verið reynt til þrautar að skapa strætisvagnstjórunum launaflokkshækkun með sérstökum námskeiðum, en því hafi verið algerlega synjað.“

Í fundargerð launamálanefndar Reykjavíkurborgar, sem hafði með höndum samninga þessa fyrir stefnda, segir m. a. um fundina 18. og 19. september 1963: „Hafnað var kröfu

St. Rv. um námskeið fyrir vagnstjóra, en samþykkt að koma á námskeiði fyrir brunaverði. Boðið að greiða vagnstjórum sérstaka þóknun fyrir miðasölu. Tillaga barst frá St. Rv. um, að vagnstjórar héldu rétti sínum til sömu kjara og lög-reglumenn, en féllu þó frá því gildistíma þessa samnings. Launamálanefnd hafnaði tillögunni“. Samkvæmt fundar-gerðinni tókust samningar og voru undirritaðir kl. 0450 hinn 19. september 1963.

Segir svo í samningi þessum: „Nefndirnar gera með sér svofellt samkomulag til viðbótar samkomulagi því, sem gert var 13. sept. 1963:

1. Eftirtöldum föstum borgarstarfsmönnum er skipað í launaflokka, sem hér segir:
 12. launaflokkur: Brunaverðir, strætisvagnstjórar.
 13. launaflokkur: Brunaverðir, sem lokið hafa sérstöku prófi frá námskeiði, er borgarráð metur gilt, sbr. 2. tölulið hér á eftir. . . .
3. Strætisvagnstjórar, sem hafa með höndum sölu farmiða, skulu fá greiddar kr. 2.000.00 á ári í þóknun fyrir þá fésýslu“.

Hinn 19. september 1963 tókust einnig kl. 0730 samningur um starfskjör lögreglumanna hjá Reykjavíkurborg. Segir í 2. gr. þess samnings: „Borgarlögreglumönnum er skipað í launaflokka, sem hér segir:

12. launaflokkur: Lögreglumenn.
14. flokkur: Lögreglumenn, sem tekið hafa próf til viðbótar því, er um ræðir í 2. másl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 56/1963, eða annað próf jafngilt, hvorttveggja að mati dómsmálaráðherra“.

Hinn 19. september 1963 hélt borgarráð Reykjavíkur fund, þar sem fjallað var um kjaramál þessi. Segir svo í fundar-gerð:

- „3. Lagður fram kjarasamningur við Lögreflugfélag Reykjavíkur, dags. 19. þ. m., undirritaður af samninganefnd félagsins og launamálanefnd Reykjavíkurborgar. Borgarráð fellst á samninginn fyrir sitt leyti.
4. Lagt fram samkomulag til viðbótar samkomulagi því,

sem gert var 13. þ. m., um laun og kjör brunavarða og strætisvagnstjóra, dags. 19. þ. m., undirritað af launamálanefnd Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og launamálanefnd Reykjavíkurborgar. Borgarráð fellst á samkomulagið fyrir sitt leyti“.

Síðar sama dag var haldinn fundur í fulltrúaráði Starfsmannafélags Reykjavíkur um kjaramál þessi. Segir svo í fundargerð:

„Formaður skýrði frá því, að náðst hefði samkomulag milli launanefndar St. Rv., að áskildu samþykki fulltrúaráðs og launamálanefndar Reykjavíkurborgar, að áskildu samþykki borgarstjórnar um kaup og kjör brunavarða og strætisvagnstjóra. Er flokkunin þannig:

1. 12. launafl.: Brunaverðir, vagnstjórar. 13. launaflokkur: Brunaverðir, sem lokið hafa sérstöku prófi frá námskeiði, er borgarráð metur gilt, sbr. 2. tölulið hér á eftir. . .

Því næst las fundarstjóri samkomulag samninganefndanna, fyrst varðandi kaup og kjör brunavarða og strætisvagnstjóra. Var það samþykkt með 11 atkv. gegn einu.

Guðmundur Halldórsson kvaddi sér hljóðs og mælti á þessa leið: „Við vagnstjórar sátum hjá við atkvæðagreiðsluna vegna þess, að við vorum ekki ánægðir með þann samning, sem gerður var fyrir okkur, en töldum heildarsamninginn vera spor í rétta átt og munum því greiða atkvæði með honum“.

Áður en fundur hófst í borgarráði Reykjavíkur hinn 19. september 1963, sendu strætisvagnstjórar borgarráði bréf, þar sem endurtekinn er fyrirvari sá, sem þeir höfðu sent sáttasemjara daginn áður, um gildi 4. tl. samningsins frá desember 1954. Bréf þetta var lagt fram á fundi borgarráðs daginn eftir og þar samþykkt tillaga að bréfi til Starfsmannafélags Reykjavíkur sem svar við bréfinu. Í svarbréfi segir: „Fyrirvara þessum var af hálfu launamálanefndar borgarinnar vísað á bug með þeim ummælum, að ekki væri grundvöllur fyrir samningaumræður um nýja kjarasamninga, meðan haldið væri fast við fyrirvara þenna af hálfu samninganefndar gagnaðilja. Sáttasemjari skýrði launamála-

nefnd borgarinnar síðan frá því, að fallið væri frá fyrirvara þessum, ef samningar tækjust að öðru leyti. Á þessum grundvelli var viðræðum fram haldið, samningur gerður og undirritaður af hálfu samninganefnda, án þess að frekar væri minnzt á framangreint atriði. Það var og er alger forsenda fyrir samningunum, að enginn slíkur fyrirvari væri gerður, og áherzla er lögð á, að Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar í heild er samningsaðili gagnvart Reykjavíkurborg, en ekki einstakir starfshópar innan vébanda þess.

Af þessu tilefni og með hliðsjón af því, sem nú var sagt, er sérstaklega tekið fram, að ákvæði í 4. lið í bréfi borgarstjóra frá 7. des. 1954 eru endanlega niðurfallin“.

Hinn 21. september 1964 rituðu strætisvagnstjórar stefnda bréf um þessi mál, þar sem þeir héldu enn fram rétti sínum samkvæmt 4. tl. samningsins frá 1954. Borgarráð Reykjavíkur tók bréf þetta til meðferðar 24. s. m. Var þar samþykkt að senda afrit af bréfinu til Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar með tilvísun til bréfs þess frá 20. s. m., sem áður hefur verið rakið.

Þá ritaði Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar borgarráði Reykjavíkur bréf hinn 7. október 1963, þar sem gerður er áskilnaður um rétt strætisvagnstjóranna samkvæmt 4. tl. samningsins frá 1954.

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar óskaði þess samkvæmt 28. gr. laga nr. 55/1962, að launakjör starfsmanna Reykjavíkurborgar yrðu ákveðin með kjarasamningum samkvæmt nefndum lögum. Samningaumleitarnir fóru fram í september 1963. Af hendi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar var þess þá krafizt, að tekið væri upp í væntanlega samninga ákvæði þess efnis, er greinir í 4. tl. samningsins frá 1954 um rétt strætisvagnstjóra til launahækkunar í samræmi við tiltekna starfshópa. Þessari kröfu var algerlega synjað af hendi stefnda, og var strætisvagnstjórum skipað í 12. launaflokk, án þess að þeim væri áskilinn slíkur réttur. Ef strætisvagnstjórnir vildu eigi una þessari niðurstöðu, var Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar sú leið ein fær að vísa ágreiningsefninu til sáttasemjara ríkisins og síðan

til Kjaradóms samkvæmt III. og IV. kafla laga nr. 55/1962 og reglugerðar nr. 159/1962. Þetta gerði starfsmannafélagið ekki, heldur staðfesti það kjarasamninginn við stefnda, þar sem strætisvagnstjórunum var skipað í 12. launaflokk án réttar til flutnings í hærri flokk. Að svo vöxnu máli brestur heimild til að dæma strætisvagnstjórunum frekari rétt en í kjarasamningum segir. Ber því að dæma stefnda sýknu af kröfum áfrýjanda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, á að vera sýk af kröfum áfrýjanda, Héðins Emilssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. maí 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. maí 1966, er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 9. febrúar 1965, af Héðni Emilssyni, Háaleitisbraut 40, Reykjavík, gegn borgarstjóranum í Reykjavík fyrir hönd borgarsjóðs til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 9.731.73 með 8% ársvöxtum frá 1. maí 1964 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins. Við munnlegan flutning máls þessa lækkaði stefnandi vaxtakröfu sína í 6% frá þeim tíma, sem að ofan greinir. Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

Hins vegar hefur stefndi ekki vefengt fjárhæð stefnukröfunnar, ef um greiðsluskyldu af hans hálfu yrði talið að ræða.

Dómarinn hefur leitað sátta, en án árangurs.

Málavextir eru þeir, að í nóvember og desember 1954 fóru fram viðræður milli umboðsmanna stefnda og fulltrúa frá Bifreiðarstjórafélaginu Hreyfli, en á þessum tíma voru strætisvagnstjórar sérstök deild í því félagi, vegna uppsagnar þágildandi kjarasamnings strætisvagnstjóranna og ráðagerðar um, að þeir yrðu gerðir að föstum starfsmönnum borgarinnar með þeim réttindum og skyldum, sem þeirri stöðu fylgdu. Kom þar, að stefndi skrifaði bréf, dags. 30. nóvember og 7. desember 1954,

þar sem hann mælir með ráðningu strætisvagnstjóranna sem fastra starfsmanna Reykjavíkurbæjar og að þeir tækju laun samkvæmt 10. fl. samþykktar um laun fastra starfsmanna bæjarins frá 1945 með breytingum, sem síðar hafi á orðið, eins og það er orðið í bréfinu, dags. 30. nóvember 1954. Í bréfum þessum er allitarlega rætt um vinnutíma, kaup í veikinda- og slysaforföllum, ýmis hlunnindi og önnur kjör strætisvagnstjóranna.

Voru bréf þessi síðan samþykkt á fundi í strætisvagnstjóra-deild Bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils og í bæjarstjórn Reykjavíkur.

Gerðust strætisvagnstjórnir síðan fastir starfsmenn stefnda og tóku laun samkvæmt 10. launaflokki í samþykktum og reglugerðum um laun og kjör fastra starfsmanna Reykjavíkurbæjar. Í 4. grein bréfs stefnda frá 7. desember 1954 segir svo:

„Fari svo, að starfshópur í 10. launaflokki, er á vöktum vinnur, fái kjarabætur umfram það, sem vagnstjórum er ætlað skv. bréfi, dags. 30. nóvember s.l., mun ég beita mér fyrir því, að vagnstjórar fái bætur í sömu eða sambærilegum hlutföllum.“

Starfshópar þeir í 10. launaflokki, sem unnu á vöktum á þessum tíma, voru aðeins tveir, lögreglumenn og slökkviliðsmenn, og við umræður kveður stefnandi það hafa verið tekið fram og margítrekað, að með orðalagi 4. greinar væri átt við þessa tvo starfshópa og að strætisvagnstjórar vildu hafa sömu kjör og þeir.

Eftir að Kjaradómur hafði ákveðið laun ríkisstarfsmanna, var samið haustið 1963 við starfsmenn Reykjavíkurborgar. Voru strætisvagnstjórnir sérstök deild innan Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, 10. deild, en sérstök samninganefnd starfsmannafélagsins samdi síðan við Reykjavíkurborg fyrir hin einstöku deildarfélag.

Er svo að sjá sem samningar þessir hafi farið fram í samræmi við 28. gr. laga nr. 55/1962.

Með bréfi, dags. 11. júní 1963, sendi launanefnd Starfsmannafélags Reykjavíkur tillögur sínar um röðun fastra starfsmanna í launaflokka, 28 flokka kerfi. Var bréfi þessu beint til launanefndar Reykjavíkurborgar. Þann 13. september 1963 varð samkomulag milli ofangreindra aðilja um niðurröðun fastra starfsmanna Reykjavíkurborgar í launaflokka. Samningur þessi er svohljóðandi:

„Nefndirnar staðfesta eftirfarandi:

1. Samkomulag er um þá niðurröðun fastra borgarstarfsmanna í launaflokka, sem gerð er í meðfylgjandi yfirliti. Það nær

þó ekki til brunavarða og strætisvagnstjóra. Er samkomulag um, að sáttasemjara verði falið að leiða til lykta samninga um launakjör þessara starfshópa samtímis samningum um launakjör lögreglumanna.

2. Samkomulag er um, að kaup samkv. launaflokkum í yfirlitinu verði greitt eftir launastiga þeim, sem Kjaradómur ákvað 3. júlí 1963.
3. Við ákvörðun launa samkv. 1. og 2. tölul. er tekið tillit til áhættuþóknunar, sem starfsmenn hafa fengið greidda fram til þessa, á þann hátt, að hún er nú reiknuð inn í fasta-kaupið.
4. Samkomulag er um, að hvor aðili um sig tilnefni tvo menn til að gera tillögur um launaflokkun einstakra starfsmanna samkv. meðfylgjandi yfirliti. Þeir geta kvatt sér til aðstoðar starfsmenn, eftir því sem þurfa þykir.
5. Um gildistíma samkomulags þessa fer eftir lögum nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
6. Samkomulag þetta er af hálfu beggja nefndanna bundið því skilyrði, að samkomulag náist um reglur um vinnutíma borgarstarfsmanna, yfirvinnu, yfirvinnukaup og önnur kjör, er hér skipta máli, enda verði í meginatriðum stuðzt við II. kafla í úrskurði Kjaradóms frá 3. júlí 1963.

Reykjavík, 13. september 1963.

F. h. launanefndar starfsmanna
Reykjavíkurborgar, að áskildu
samþykki fulltrúaráðs.

Launamálanefnd Reykjavíkurborgar, að áskildu samþykki borgarstjórnar.

Ólæsilegt nafn

Auður Auðuns

Ólæsilegt nafn

Birgir Ísl. Gunnarsson

Gísli Teitsson

Óskar Hallgrímsson

Lárus Sigurbjörnsson

Guðmundur Vigfússon“.

Samkomulagið var þó bundið því skilyrði, að samkomulag næðist um reglur um vinnutíma borgarstarfsmanna, yfirvinnu o. fl., og er ljóst af gögnum málsins, að það samkomulag hefur náðst 19. september 1963.

Ofangreindur samningur, dags. 13. september 1963, gildi þó ekki um brunaverði og strætisvagnstjóra. Hins vegar segir í 1. grein samnings þessa, að samkomulag sé um, að sáttasemjara verði falið að leiða til lykta samninga um launakjör þessara starfshópa samtímis samningum um launakjör lögreglumanna.

Þann 19. september 1963 náðist síðan samkomulag um niðurröðun brunavarða og strætisvagnstjóra í launaflokka, en auk þess voru ákvæði í samningi þessum um námskeið handa brunavörðum, sérstaka þóknun fyrir þá strætisvagnstjóra, sem höfðu með höndum sölu á farmiðum, og loks ákvæði þess efnis, að ákvæði 2.—6. t.l. ofangreinds samkomulags frá 13. september 1963 skyldi einnig gilda um strætisvagnstjóra og brunaverði.

Um vinnutíma, yfirvinnu og önnur kjör tóku síðan gildi fyrir strætisvagnstjóra hinn almenni samningur um þessi efni, dags. 19. september 1963, en auk þess voru nokkur viðbótarákvæði, sem eingöngu vörðuðu strætisvagnstjóra, um vinnutíma o. fl., og var sá viðbótarsamningur einnig dagsettur 19. september 1963.

Hafa þá verið raktir í höfuðdráttum þeir samningar, sem gerðir voru við strætisvagnstjóra og aðra starfsmenn Reykjavíkurborgar haustið 1963.

Svo sem áður er minnzt á, fóru fram samningaumleitarnir milli launanevndar Reykjavíkurborgar og samninganevndar starfsmannafél. Reykjavíkur með milligöngu sáttasemjara, er samið var um launaflokka o. fl. fyrir strætisvagnstjórana.

Verður hér að skýra frá aðdraganda og gangi þeirra mála, en á því er málatilbúnaður aðilja byggður að nokkru. Í bréfi fulltrúa 10. deildar, dags. 13. maí 1963, sem stefnandi segir hafa verið afhent Þórði Ágústi Þórðarsyni, formanni launamálanefndar starfsmannafélagsis, segir svo í niðurlagi: „Þá lýsum við því yfir, að við getum ekki orðið aðilar að samkomulagi, sem á einhvern hátt yrði lakara en starfskjör annarra vaktavinnumanna í þjónustu Reykjavíkurborgar, sem nú taka laun samkv. 10. launaflokki.“

Þá sendu fulltrúar 10. deildarinnar bréf, dags. 18. september 1963, til sáttasemjara í áðurnefndri kjaradeilu. Bréfið hljóðar svo: „Við getum fallizt á 12. launaflokk til samræmis við aðra vaktavinnumenn, sem nú eru í 10. launaflokki, með þeim fyrirvara, að við teljum 4. grein samnings okkar frá 7. desember 1954 enn í fullu gildi.“

Vitnið Teitur Jónasson strætisvagnstjóri hefur komið fyrir dóminn og gefið skýrslu.

Vitnið kvaðst hafa verið fulltrúi 10. deildar Starfsmannafélags Reykjavíkur, en hlutverk þessara fulltrúa hafi verið að annast undirbúning á kjaramálum 10. deildar og leggja hann að því búnu í hendur samninganevndar starfsmannafélagsins. Kvaðst vitnið hafa verið á undirbúningsfundum þeim, sem haldnir voru

innan 10. deildarinnar, og hafi fyrirvari sá, sem um getur í 4. grein samningsins frá 1954, mjög oft borið á góma á fundum þeim, sem það sótti sem fulltrúi 10. deildar, og hafi fulltrúarnir verið ákveðnir að halda mjög stíft við þann fyrirvara. Þá kvað vitnið aðspurt umræddan fyrirvara hafa upphaflega verið beint að samninganefnd starfsmannafélagsins.

Vitnið Guðmundur Halldórsson strætisvagnstjóri hefur skýrt svo frá hér fyrir dómi, að það hafi verið fulltrúi 10. deildar og áheyrnarfulltrúi, kjörinn af fulltrúaráðinu, til leiðbeiningar og upplýsingar um málefni 10. deildar hjá samninganefnd starfsmannafélagsins.

Vitnið skýrði frá því, að á fundi samninganefndanna hafi verið hætt að ræða um fyrirvarann í 4. grein samningsins frá 1954 „í hverju orði“, þar sem launamálanefnd Reykjavíkurborgar hafi lýst yfir því, að hún teldi sig ekki geta úrskurðað um gildi áðurnefndrar greinar. Hafi sáttasemjari flutt þessi boð frá launamálanefnd Reykjavíkurborgar til samninganefndar starfsmannafélagsins.

Hafi þá fulltrúar 10. deildar lýst yfir því við samninganefnd starfsmannafélagsins, að unnt væri að halda áfram að ræða samningana, en að þeir mundu aldrei falla frá nefndum fyrirvara, enda hefðu þeir ekkert umboð til þess.

Hafi þessi skilaboð verið afhent sáttasemjara og sáttaumleitunum síðan verið haldið áfram á þessum grundvelli. Þá kvaðst vitnið hafa verið viðstatt undirskrift samningsins um morguninn þann 19. september 1963, en hafi sjálft ekki skrifað undir samninginn. Kvað vitnið launadeild 10. deildar ekki hafa gert neinar athugasemdir við undirskrift samningsins, en talið sig hafa gert næga fyrirvara áður.

Stefnandi málsins, Héðinn Emilsson tjónmatsmaður, kvaðst í aðiljaskýrslu sinni hér fyrir dómi hafa haft sama starf og áðurnefndur Guðmundur í sambandi við samningana og lýsti atvikum á sama hátt og nefndur Guðmundur. Þá upplýsti stefnandi, að á nefndum fundi aðfaranótt 19. september 1963 hafi verið einnig samið við Lögreglufélag Reykjavíkur og bruaverði í sérstöku einangruðum herbergjum. Vitnið Birgir Ísleifur kvaðst hér fyrir dómi hafa verið í launamálanefnd Reykjavíkurborgar og samið við samninganefnd Starfsmannafélags Reykjavíkur.

Skýrði vitnið svo frá, að á umræddum samningafundi hafi fyrirvarinn í 4. grein samningsins frá 1954 mjög borið á góma. Hafi sáttasemjari borið þau skilaboð frá samninganefnd starfs-

mannafélagsins, að hún vildi fá þennan fyrirvara upp tekinn í samningana. Fulltrúar launamálanefndarinnar hafi rætt þetta sín á milli og hafnað fyrirvara þessum. Hafi sáttasemjari flutt þau skilaboð til samninganefndar og síðan hafi ekki verið meir á það mál minnzt.

Sérstaklega aðspurt, hvort launamálanefnd hefði á áðurgreindum fundi „ekki talið sig geta úrskurðað um gildi fyrirvara þess, sem um getur í 4. gr. samningsins frá 1954“, kvaðst vitnið ekki muna eftir því, að þessi orð væru viðhöfð sérstaklega.

Hins vegar benti vitnið á, að það hafi verið álit launamálanefndarinnar, að samið hafi verið nú á algerlega nýjum grundvelli og að annað yrði ekki talið gilda nema það, sem tekið væri upp í samningnum.

Þá kvaðst vitnið ekki muna eftir því, að launamálanefndin gerði reka að því að fá fyrirvarann í 4. grein samningsins frá 1954 „pósítívt“ felldan úr gildi.

Vitnið Þórður Ágúst Þórðarson, sem var formaður samninganefndar Starfsmannafélags Reykjavíkur við samninga þá, sem hér um ræðir, hefur hér fyrir dómi kveðið sig minnast þess, að mikið hafi verið rætt um fyrirvarann í 4. grein samningsins frá 1954. Á samningafundinum hafi samninganefndin afhent sáttasemjara skrifleg skilaboð til launamálanefndar þess efnis, að umræddur fyrirvari héldi gildi sínu. Sáttasemjari hafi komið með þau skilaboð aftur, að umræddum fyrirvara væri hafnað, og lýsti sáttasemjari þá yfir því, að umræddur fyrirvari væri látinn liggja milli hluta, en hvor aðili héldi sínum skilningi á gildi fyrirvarans.

Vitnið skýrði svo frá, að það hefði verið skilningur samninganefndar Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, að margnefndur fyrirvari mundi ekki vera virkur, meðan samkomulagið frá 19. september 1963 héldi gildi sínu, en að því samkomulagi loknu tæki fyrirvarinn aftur gildi sitt.

Hafi fyrirvarinn verið notaður óbreyttur á fundunum 19. september 1963, en síðar hafi ráðunautur samninganefndarinnar talið fyrirvarann óheppilega orðaðan og þá hafi honum verið breytt í það horf, sem áður sagði. Sagði vitnið, að fulltrúum 10. deildar, sem voru á fundinum, hafi verið gerður ljós þessi skilningur samninganefndarinnar og hafi þeir engum andmælum hreyft við þeim skilningi.

Vitnið Guðmundur Halldórsson og stefnandi máls þessa, Héðinn Emilsson, komu báðir fyrir dóminn á ný.

Héldu þeir því báðir fram, að þeim hefði aldrei verið sýnt fram á þann skilning, sem samninganefnd starfsmannafélagsins hafi haft á 4. grein samningsins frá 1954, og kváðust ekki hafa tekið eftir því, að samninganefndin hafi gert neinar breytingar á orðalagi fyrirvarans. Sagði vitnið Guðmundur, að samninganefndin hafi ekki haft umboð til að fella fyrirvarann úr gildi á nokkurn hátt.

Samprófanir um þessi atriði báru ekki árangur.

Um morguninn þann 19. september 1963 náðu nefndirnar samkomulagi, en eftir var að staðfesta það í borgarráði og fulltrúaráði starfsmannafélagsins. Vitnin Teitur Jónasson, Guðmundur Halldórsson og stefnandi málsins skýra svo frá, að rétt áður en fundur skyldi hefjast í borgarráði kl. 1400 sama dag, en fundur þessi var haldinn m. a. í því skyni að fjalla um samningana, hafi þeir afhent Birgi Ísleifi Gunnarssyni borgarráðsmanni bréf. Bréf þetta, sem á einnig að hafa verið afhent borgarstjóra, kveða vitnin og stefnandi vera rskj. nr. 11, en það hljóðar svo:

„Reykjavík, 19. sept. 1963.

Í sambandi við samkomulag það, sem gert var 19. september s.l. milli launamálanefndar Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og launamálanefndar Reykjavíkurborgar, viljum við undirritaðir fulltrúar strætisvagnstjóra benda á, að við áðurgreinda samningsgerð lögðum við fram svofelldan fyrirvara: „Við getum fallið á 12. launaflokk til samræmis við aðra vaktavinnumenn, sem nú eru í 10. launaflokki, með þeim fyrirvara, að við teljum 4. grein samnings okkar frá 7. desember 1954 enn í fullu gildi.“

Viljum við leyfa okkur að vekja athygli háttv. borgarráðs á þessum fyrirvara, enda er það ákveðin skoðun strætisvagnstjóra, að þeim beri allur sá réttur, er téð 4. grein veitir þeim við ákvörðun á kaupum þeirra og kjörum.

Virðingarfyllt.

F.h. strætisvagnstjóra borgarinnar.

Afrit sent borgarstjóra.

Til borgarráðs Reykjavíkur.“

Vitnið Birgir Ísleifur Gunnarsson hefur hér fyrir dómi skýrt svo frá um þetta atriði, að um eftirmiðdaginn þann 19. september 1963 hafi verið haldinn borgarráðsfundur, m. a. í því skyni að staðfesta samninga þá, sem gerðir voru um morguninn. Minntist vitnið þess að hafa tekið við umslagi af Guðmundi Halldórssyni

o. fl. við dyr fundarsalarins og hafi þeir Guðmundur kveðið vera í umslaginu bréf, sem þyrfti að komast á fundinn.

Vitnið kvaðst hafa afhent fundarstjóra bréfið milliliðalaust. Vitnið kvaðst ekki minnast þess, að sér hafi verið gert efni bréfsins kunnugt sérstaklega.

Vitnið kvað borgarráðsfund hafa verið haldinn síðdegis þann 19. september 1963, svo sem áður er rakið, og svo annan um nóttina 20. september 1963. Kvaðst vitnið ekki muna eftir því, á hvorum fundinum áður nefnt bréf frá Guðmundi Halldórssyni o. fl. hafi verið lesið upp, en bréfið hafi verið tekið fyrir á síðari fundinum og þá m. a. samþykkt svar við því.

Eftir að samningurinn hafði verið staðfestur, fóru fram nokkur bréfaskipti milli strætisvagnstjóra Reykjavíkurborgar og fyrirsvaramanna Reykjavíkurborgar.

Kemur þar fram skilningur hvors um sig um gildi fyrirvarans, en ekki þykir ástæða til að rekja þau bréf nánar hér.

Dómkröfur stefnanda eru á því reistar, að með ákvæðinu í 4. grein bréfs stefnda frá 7. desember 1954, sem sé bæði skýlaust og víðtækt að orðalagi og samþykkt af réttum stjórnvöldum borgarinnar, hafi það verið tryggt, að strætisvagnstjórar fengju framvegis sömu kjör almennt og lögreglumenn og eða slökkviliðsmenn, enda nái orðalag ákvæðisins yfir hvers konar upp-
bætur eða bætt kjör og takmarkist ekki við launauppbætur einar.

Á þeim tíma, er samningurinn við vagnstjórana hafi verið gerður, hafi aðeins tveir starfshópar í 10. launaflokki unnið á vöktum, lögreglumenn og slökkviliðsmenn. Með orðinu „starfshópur“ í eintölu hafi átt að tryggja það, að nægilegt væri, að annar hvor nefndra starfshópa fengi kjarabætur, til þess að vagnstjórnir fengju sömu eða svipaðar kjarabætur.

Þá hafi með orðalaginu, „er á vöktum vinnur“, á engan hátt verið átt við aukagreiðslur fyrir sérstaka vaktavinnu, heldur hafi þetta orðalag verið notað til þess að skilgreina þá starfshópa í 10. launaflokki, er kaupgreiðslur til strætisvagnstjóranna skyldu fylgja.

Í samningum þeim, sem fram hafi farið haustið 1963 við starfsmenn Reykjavíkurborgar, hafi strætisvagnstjórnir alltaf haldið fast við rétt sinn samkvæmt samningnum frá 7. desember 1954 og þann rétt aldrei upp gefið.

Er samningar hafi farið fram haustið 1963, hafi hins vegar

ekki verið neinn viðmiðunargrundvöllur við aðra starfshópa í 10. launaflokki og launamálanefnd Reykjavíkurborgar hafi lýst því yfir, að hún teldi það ekki sitt verkefni að dæma um gildi samningsins frá 1954.

Eins og málin hafi legið fyrir við undirskrift samningsins, hafi því ekki verið ástæða til annars en ljúka því, en skírskota jafnframt til samningsins frá 1954, enda hafi aldrei annað komið til mála en að halda fast við þann samning.

Við áðurgreinda samningsgerð, 19. september 1963, hafi lögregluþjónar fengið aðstöðu til hækkunar í flokkum gegnum próf eða námskeið. Með því hafi þeir vegið sig upp í 14. launaflokk og þótt prófað hafi verið seinni hluta vetrar 1964, hafi þeir fengið kauphækkunina frá 1. júlí 1963.

Þá hafi lögreglumenn fengið 4 klst. styttingu á vinnuviku og slökkviliðsmenn raunverulega einnig.

Möguleikarnir til þess að mismuna mönnum með flokkahækkunum í sambandi við námskeið séu næstum því ótakmarkaðir.

Námskeiðum þessum ljúki allir og séu þau því aðeins formið eitt. Hins vegar hafi strætisvagnstjórum ekki verið gefinn kostur á að hækka í launaflokkum með því að ljúka námskeiðum.

Telur stefnandi þetta beint brot á 4. gr. samkomulagsins frá 7. des. 1954.

Stefnukröfuna segir stefnandi þannig til komna, að hún sé mismunur á launum þeim, sem hann fékk greidd samkv. 12. launaflokki á tímabilinu 1. júlí 1963 til 1. maí 1964, og því, sem hann hefði fengið, ef hann hefði fengið laun skv. 14. launaflokki fyrir sama tímabil.

Sé annars vegar tekinn mismunur á föstum mánaðargreiðslum, en síðan tekinn mismunur á aukagreiðslum.

Sýknukrafa stefnda er á þeim rökum reist, að kjör strætisvagnstjóra hafi verið ákveðin með samningi milli félagsamtaka þeirra, en ekki einstakra starfshópa innan vébanda þeirra, og borgarsjóðsins.

Starfsmannafélagið hafi óskað eftir samningum við borgarsjóðinn, en af því hafi aftur leitt, að það hafi sagt upp eldri samningum.

Þá sé á það að líta, að fyrirvarann í 4. gr. samningsins frá 7. des. 1954 sé hvergi að finna í tillögum Starfsmannafélags Reykjavíkur, dags. 11. júlí 1963, um röðun fastra starfsmanna í launaflokka né í greinargerð með þeim tillögum. Hafi stefnda ekki

verið um fyrirvarann kunnugt fyrr en 21. sept. 1963 og bréf það, sem hafi verið afhent Birgi Ísl. Gunnarssyni um eftirmiðdaginn þann 19. sept. 1963 og hér að framan er minnzt á, sé markleysa, þar eð bréf þetta hafi ekki komið frá samningsaðilja stefnda. Þá bendir stefndi á, að það hafi verið alger forsenda fyrir samningnum af hálfu Reykjavíkurborgar, að fyrirvari sá, sem málsókn þessi sé reist á, væri ekki gerður.

Loks hafi við endanlega afgreiðslu samninganna um kjör strætisvagnstjóranna umræddur fyrirvari ekki verið gerður.

Í hinum munnlega flutningi málsins hreyfði lögmaður stefnda því, að enda þótt fyrirvarinn í 4. gr. samningsins frá 1954 yrði metinn gildur, væri þó engan veginn brotið gegn margnefndum fyrirvara, enda væru próf þau, sem hér um ræddi, staðfest af dómsmálaráðherra.

Hins vegar hafi tillögur strætisvagnstjóra hér að lútandi ekki verið metnar á þá lund, að unnt væri að veita hækkun út á það.

Með áðurgreindum bréfum frá 30. nóv. og 7. des. 1954 komst á bindandi samningur milli Reykjavíkurborgar og strætisvagnstjóranna, sem á þeim tíma voru deild í Bifreiðarstjórafélaginu Hreyfli, enda urðu strætisvagnstjórnir við þá samningsgerð fastir starfsmenn Reykjavíkurborgar.

Fyrirvari sá, sem fólst í 4. gr. samningsins frá 1954, var því bindandi yfirlýsing af hálfu Reykjavíkurborgar til handa vagnstjórunum.

Svo sem að framan er rakið, annaðist samninganefnd Starfsmannafélags Reykjavíkur, en vagnstjórnir eru deild í því félagi, framangreinda samninga gagnvart Reykjavíkurborg.

Þegar það er haft í huga, að yfirlýsing sú, sem fólst í 4. gr. samningsins frá 1954, var gefin vagnstjórunum beint, en ekki Starfsmannafélagi Reykjavíkur, verður ekki talið, að starfsmannafélagið hefði haft heimild til að falla frá áðurgreindri yfirlýsingu, sem gefin var beint til vagnstjóranna, svo að bindandi væri gagnvart vagnstjórunum, enda verður að telja sannað, að fyrirvarsmönnum Reykjavíkurborgar hafi verið kunnugt um vilja vagnstjóranna í þessu efni, áður en samningarnir voru staðfestir af hálfu Reykjavíkurborgar.

Þegar af þessari ástæðu verður ekki talið, að fyrirvarinn hafi fallið niður vegna athafna eða athafnaleysis samninganefndar starfsmannafélagsins.

Þegar þess er gætt, að stefnandi máls þessa og Guðmundur Halldórsson, sem báðir voru fulltrúar strætisvagnstjóranna við

samningsgerðina, og einnig Þórður Á. Þórðarson, sem var formaður samninganefndar Starfsmannafélags Reykjavíkur, hafa lýst því hér fyrir dómi, að umræddur fyrirvari hefði á samningafundinum verið látinn liggja á milli hluta, óútkljáður, og annarra athafna, sem gerðar voru af hálfu vagnstjóranna, sem sýndu vilja þeirra til að halda umræddum fyrirvara í gildi, verður heldur ekki talið, að margumræddur fyrirvari í 4. gr. samningsins frá 1954 hafi fallið niður vegna vangeymslu af hálfu vagnstjóranna.

Ekki verður heldur talið, að yfirlýsing sú, sem felst í 4. gr. samningsins frá 1954, sé bundin við, að vagnstjórnarnir taki kjarabætur skv. bréfinu, dags. 30. nóvember 1954, heldur ber að skilja hana sem fyrirheit stefnda til handa vagnstjórunum um viðmiðun við starfshópa þá, er þar greinir.

Verður því að telja, að yfirlýsingin í 4. gr. samningsins frá 1954 sé enn í fullu gildi.

Svo sem að framan er rakið, er stefnukrafan byggð á mismuni á launum í 12. og 14. launaflokki borgarstarfsmanna og miðuð við það, að lögreglumenn hafa fengið aðstöðu til að veða sig upp í 14. launaflokk með sérstökum námskeiðum.

Framhaldsnámskeið það, sem hér um ræðir, hlaut staðfestingu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins með bréfi, dags. 30. okt. 1963.

Er þar þeim lögreglumönnum, sem starfað hafa í 3 ár eða lengur og lokið hafa prófi á almennu námskeiði, gefinn kostur á að sækja framhaldsnámskeið þessi. Þeir, sem ljúka þar prófi að námskeiðinu loknu, teljast hæfir að flytjast milli flokka.

Námstíminn er eftir hinum framlögðu gögnum eigi skemmri en 5 vikur og kennslustundir eigi færri en 100.

Af gögnum málsins verður það ráðið, að lögreglumenn eru ýmist í 12. eða 14. launaflokki.

Væri stefnukrafan tekin til greina, er ljóst, að stefnandi væri betur settur en jafnvel lögreglumaður, sem tæki laun eftir 14. launaflokki að loknu framhaldsnámskeiði því, sem að ofan getur.

Sönnur brestur algerlega fyrir því, hvort eða að hve miklu leyti lögreglumenn hafi fengið kjarabætur umfram vagnstjórana, og þar sem ekki verður fallið á það með stefnanda, að framhaldsnámskeið það, sem að ofan getur, sé aðeins formið eitt, verður að sýkna stefnda af stefnukröfunni, eins og hún hér liggur fyrir.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Stefán M. Stefánsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Geir Hallgrímsson f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Héðins Emilssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 26. maí 1967.

Nr. 209/1964. **Einar J. Snædal** (Þorvaldur Þórarinnsson hrl.)
 gegn
Dánarbúi Leifs Helgasonar.
 (Benedikt Blöndal hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Ómerking. Frávisun. Dómhæfi kröfu.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. desember 1964, að fengnu áfrýjunarleyfi 25. nóvember s. á. Krefst hann þess, að héraðsdómurinn verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju. Svo krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Leifur Helgason hefur látizt, eftir að málinu var áfrýjað, og dánarbú hans komið í hans stað. Krefst það staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur með stefnu til vettvangsdóms Suður-Múlasýslu höfðað mál þetta „til þess að fá viðurkenndan eignarrétt sinn yfir landspildu, svonefndum „Kúahaga“, sem liggur á milli íbúðarhúsanna Reykhólts II og Fögru-Hlíðar í Eskifjarðarkauptúni“. Í kröfugerð þessari er þess ekki getið, hver séu talin mörk þessa landsvæðis né stærð þess tilgreind. Krafa er því ódómhæf, sbr. 88. gr. laga nr. 85/1936. Samkvæmt 17. gr. laga nr. 41/1919 bar og að leggja fram